

GARÐFUGLAR



Fuglarnir í garðinum
Garðrækt fyrir fugla
Fuglafóðrun og fuglahús

Fuglavernd 

Efnisyfirlit

• Hver er fuglinn	4
• Fuglafóðrun	10
• Fuglafæða	12
• Vatn	14
• Garðrækt fyrir fugla	16
• Fuglahús	20
• Varp	21
• Garðfuglakönnun	22
• Handan garðsins	23

Garðfuglabæklingur Fuglaverndar 2. útgáfa, október 2007

Fuglaverndarfélag Íslands
Skúlatúni 6, 105 Reykjavík
www.fuglavernd.is

Ritstjórn og umbrot:
Daniel Bergmann

Ljósmyndir:
Daniel Bergmann, danielbergmann.com
Jóhann Óli Hilmarsson, johannoli.com
Örn Óskarsson

Málverk af fuglum:
Mike Langman, RSPB-images.com
fyrir utan krossnef og hrafn:
Jón Baldur Hlíðberg, fauna.is

Kápumyndir:
Skógarpróstur, Daniel Bergmann
Grápróstur, Jóhann Óli Hilmarsson
Sílkittoppa t.v., Daniel Bergmann



POKASJÓÐUR

Pokasjóður verslunarinnar kostaði
útgáfu bæklingins
www.pokasjodur.is

Fuglavernd 

© 2007 Fuglaverndarfélag Íslands
Allur réttur áskilinn

Griðland í garðinum



Daniel Bergmann

Allir sem eiga garð, hvort sem það er húsagarður í þéttbýli eða trjálundur við sumarhús, eiga möguleika á að njóta þar samvista við fugla. Við dyragættina er hægt að skapa fuglum griðland og út um stofugluggann má fylgjast með daglegu amstri þeirra. Þannig fæst innsýn í líf fugla og gang náttúrunnar, sem er bæði fróðlegt og upplífandi. Fuglar eru magnaðar lífverur sem vert er að kynnst nánar.



Daniel Bergmann

Að ofan: Ungur stari á flugi að haustlagi.
Efst: Svartpróstur (ungur karlfugl) í Reykjavík.

Með því að haga garðrækt með þarfir fugla í huga og fódra þá á veturna má bæta verulega aðstæður fyrir garðfugla. Á Íslandi verpa mun færri tegundir spörfugla en annars staðar í Evrópu og á veturna getur fjölbreytni garðfugla jafnvel orðið meiri en að sumarlagi því þá treysta smáfuglar sem hér dvelja á fódurgjafir til að þraka veturnar. Sú viðleitni sem við leggjum í að bæta í hagin fyrir garðfuglana okkar kemur margfalt til baka í formi þeirrar ánægju og undrunar sem felst í að uppgötva heim fugla. Þessi bæklingur gefur örlitla innsýn í þann heim, kynnir þá fugla sem vænta má í gördum og fjallar um aðferðir til að skapa þeim betri aðstæður.

Hver er fuglinn?

Hér eru kynntar flestar af þeim fuglategundum sem vænta má í görðum að haust- og vetrarlagi. Myndirnar eru ekki í réttum stærðarhlutföllum.



Skógarpröstur ▲

Lengd: 21 cm
Skógarpröstur hefur áberandi ljósa brúnarák, dökkar rákir á bringu og rauðbrúna síður. Á sumrin heldur parið saman og karlinn verður óðalið. Skógarpröstur verpur 2-3 sinnum á sumri og gerir sér nýtt hreiður fyrir hvert varp. Á haustin fer hann um í stórum hópum, nærast mest á reyniberjum í görðum til að fita sig fyrir farflugið og flestir hverfa þeir til vetrarstöðva á Bretlandseyjum. Nokkur þúsund fuglar verða eftir og halda sig að mestu í þéttbýli yfir vetrinn þar sem þeir sækja í fóðurgjafir.



Söngpröstur ▲

Lengd: 23 cm
Líkist skógarpræsti en er aðeins stærri, ekki með eins áberandi brúnarák, rákir á brjósti eru doppóttari og er mógulur á síðum og undirvængum þar sem skógarpröstur er rauður. Frekar sjaldgæfur haustflækingur sem sést þó flest ár. Styggur og fer oftast huldu höfði.



Svartpröstur ▲

Lengd: 25 cm
Stærri en skógarpröstur, dekkri útlits og stéllengri. Karlinn er alsvartur með gulan augnhring og gulan gogg en karlfugl á fyrsta vetri hefur dökkan gogg. Kvenfugl er brúnleitari, goggurinn dekkri en á fullorðnum karli og vottar fyrir rákum á brjósti. Sperrir stundum stél og lætur vængi lafa með síðum. Hoppar jafnfætis líkt og aðrir þrestir. Svartþrestir hafa náð fótfestu á SV-landi þar sem þeir eru staðfuglar. Auk þess flækjast hingað fuglar frá Norður-Evrópu.



Svartpröstur, kvenfugl



Grápröstur ▲

Lengd: 26 cm
Er áberandi stærri en skógarpröstur. Höfuð er grátt, stél svart og gumpur grár. Búkurinn er ljós með svörtum rákum og vottar fyrir gulum lit á bringu. Grápröstur er fyrst og fremst vetrargestur en hefur orpið nokkrum sinnum, bæði norðanlands og sunnan.



Músarrindill ▲

Lengd: 10 cm
Lítil, brúnleitur og hnöttóttur. Stélið er sperrt og þróttmikill söngurinn heyrir árið um kring. Er kvikur og forvitinn. Sækir á veturna heim að bæjum og í gróskumikla garða, sérstaklega þar sem er rennandi vatn. Þá einn á ferð eða nokkrir saman. Er staðfugl.




Glókollur ▲

Lengd: 9 cm
Minnsti fugl í Evrópu. Hnöttóttur, grænleitur og með áberandi gula kollrák. Er á sífelldu iði og týnir smávaxin skordýr í trjá, m.a. sitkalús. Nam land eftir mikla göngu haustið 1995. Breiddist hratt út um barrskóga víðsvegar um land en fækkaði verulega veturinn 2004-2005. Hefur náð sér nokkuð á strik síðan. Er staðfugl.



Glóbrystingur

Lengd: 15 cm
Lítil og hnellinn. Auðgreindur á rauðgulri bringu og andliti. Árviss haustflækingur sem getur lifað af vetrinn. Kemur í æti en er laumulegur og var um sig. Hefur orpið í Reykjavík og gæti hugsanlega sest hér að í framtíðinni meðfram aukinni trjáækt.



Vetur

Hettusöngvari ▼

Lengd: 14 cm
Karlfugl er gráleitur með svarta kollhettu, kvenfugl er brúnleitari með rauðbrúna kollhettu. Einn algengasti haustflækingurinn sem sést einnig stóku sinnum á vorin. Getur lifað af vetrinn ef hann hefur nóg æti.



Kvenfugl



Karlfugl

Stari ▲

Lengd: 22 cm
Gengur á jörðu niðri en hoppar ekki líkt og þrestir. Er dökkur á lit en alsettur ljósum doppum á veturna og stélið er stutt. Goggurinn er dökkur, langur og oddhvass. Í sumarþvingi er hann svartur með bláan, grænan og fjólubláan gljáa og gulleitan gogg. Söngurinn er fjölbreyttur og stariinn er meistari í að herma eftir öðrum fuglum. Hóf að verpa í byggingum í Reykjavík um 1960 og hefur breiðst hægt út þaðan og sest að víða í þéttbýli. Er staðfugl.



◀ Auðnutittlingur

Lengd: 13 cm

Lítill og rákótt finka. Grábrúnn með rauðan blett á enni og svarta kverk. Lifir að mestu á birkifræi en kemur í æti í garða og tekur fræ úr hangandi finkufóðrara eða af fóðurbretti. Hefur breiðst út í kjölfar aukinnar skógræktar. Er staðfugl.



Karlful

◀ Barrfinka

Lengd: 12 cm

Á stærð við auðnutittling. Gulgræn á litinn en kvenfuglinn er litdaufari. Karlinn er með svartan koll. Flækist hingað bæði á vorin og haustin og hefur orpið nokkrum sinnum í grenilundum á Suðurlandi. Er frææta líkt og auðnutittlingur en lifir aðallega á grenifræi. Er líkleg til að setjast hér að í vaxandi greniskógum.

◀ Bókfinka

Lengd: 15 cm

Áberandi hvít vængbelti aðgreina bókfinku frá öðrum finkum. Gumpur er grænleitur og ytri stélfjaðrir hvítar. Karlful er rauðbrúnn að neðan og á baki, með blágráan koll og herðar í varpbúningi. Kvenful er móleitari. Er haust- og vetrargestur sem sést einnig á vorin. Hefur orpið nokkrum sinnum.



Kvenful



Karlful




Karlful
að vetri

◀ Fjallafinka

Lengd: 14 cm

Karlinn er litsterkari en kvenful og er svartur á höfði og baki í varpbúningi. Hvítur gumpur er áberandi. Bringa og vængbelti rauðgul. Fjallafinka er algengust á haustin, sést þá gjarnan í litlum hópum. Flækist hingað einnig á vorin og hefur orpið af og til í öllum landshlutum.



Kvenful

Karlful

◀ Dómpápi

Lengd: 15 cm

Auðþekktur en styggur. Karlinn er rauðbleikur á bók og brjósti, með svartan koll, grátt bak og hvítan gump. Kvenfuglinn er litdaufari. Sést oft í þörum eða nokkrir saman. Flakkar af og til út fyrir hefðbundið útbreiðslusvæði og nær þá hingað til lands. Þó ekki í sama magni og krossnefur og silkitoppa.



◀ Snjóttittlingur ▶

Lengd: 16 cm

Einkennisfugl á auðnum og í fjalllendi. Á veturna fer hann um í hópum. Er þá ljósleitur á bók og brúnn á baki og kolli. Goggurinn er gulur að vetrarlagi og hvítir vængreitir eru áberandi á flugi. Er staðfugl að einhverju leyti en hluti stofnsins hefur vetursetu í Skotlandi og grænlenkir fuglar koma hingað.



Karlful

◀ Krossnefur

Lengd: 17 cm

Stór finka með sérkennilegan gogg sem gengur á víxl. Karl er rauður eða rauðgulur, kvenful grágræn og ungfugl grár. Eru sérhæfðir í að ná fræi úr könglum og fylgir varptíminn þroska grenifræja sem getur verið á öllum árstímum. Flakkar stundum út fyrir heimkynni sín að loknu varpi og hefur komið hingað til lands í stórum hópum. Hefur orpið einu sinni svo vitað sé og var það í desember.



Laufsongvari ▶

Lengd: 11 cm

Mjög líkur gransongvara en er með ljósari fætur, greinilegri brúnarák og yfirleitt grænleitari að ofan og gulleitari að neðan. Er árviss haustflækjngur en ekki eins tíður og gransongvari. Sést gjarnan fyrr á haustin.



Gransongvari ▶

Lengd: 11 cm

Aðeins stærri en músarrindill. Grængrár eða fölmóbrúnn og með áberandi brúnarák. Líkist laufsongvara en er með dökka fætur og yfirleitt daufari brúnarák. Nokkuð tíður haustflækjngur sem getur lifað af veturinn og étur þá aðallega grenilús. Sést sjaldnar á vorin.



Ungfugl

◀ Smyrill

Lengd: 25-30 cm

Smyrill er algengasti íslenski ránfuglinn. Hann er líkur fáka en mun minni, á stærð við litla dúfu. Flestir smyrlar hverfa af landi brott til vetrardvalar en einhverjir verða eftir og þá helst ungfuglar. Ungur smyrill er dökkbrúnn að ofan og sterkrákóttur að neðan. Hann veiðir smáfugla sér til matar en einnig mýs. Stundum elta smyrlar fugla inn í garða eða sitja um þá þar.



◀ Hrafn

Lengd: 64 cm

Hrafninn er eini innlendi fulltrúi ættar sinnar og stærsti spörfugl landsins. Hann þarfnast varla lýsingar enda öllum kunnur. Sitt sýnist hverjum og er hrafninn bæði elskaður og hataður. Á síðari árum hafa hrafnar í auknum mæli lært að nýta sér fódurgjafir og sjást nú oftast í gördum en áður.

Þjóðsagan segir að „guð launi fyrir hrafninn“ enda hefur frá fornri tíð tíðkast til sveita að fóðra bæjarhrafnar. Það hafa væntanlega verið nálægir varpfuglar sem sótt hafa heim sveitabæi því oft er talað um að ein hrafnshjón fylgi hverjum bæ. Ýmsar sögur eru til um hvernig bæjarhrafnar hafa bjargað lífi velgjörðarmanna sinna með því að vara þá við hættum.

Til vinstri: Hrafn krúnkar af þakklæti við fóðurstað á Suðurlandi.



Daníel Bergmann

◀ Bjargdúfa / húsdúfa

Lengd: 32 cm

Fremur stór dúfa, gráblá, með gljáandi hálshliðar, hvítan yfirgump, dökka stélrák og tvær svartar vængrákir. Goggur er dökkur með hvíta vaxhúð, augu eru rauð og ljós hringur um augu. Húsdúfan er taminn afkomandi bjargdúfunnar, hún er yfirleitt stærri en hin villta formóðir og til í ýmsum litum. Bjargdúfur verpa villtar á Austurlandi, frá Berufirði og norður í Norðfjörð og sækja þær í fódurgjafir í gördum á veturna. Húsdúfur hafa víða lagst út og sækja þær einnig í fódurgjafir. Þeim hefur fækkað mjög á SV-landi.

Silkitoppa ▶

Lengd: 18 cm

Skrautlegur fugl sem skartar rauðbrúnum höfuðtopp, andlitid er svart, undirgumpur rauðbrúnn en grunnlitur fuglsins annars grár. Silkitoppur flakka annað slagið út fyrir hefðbundin vetrarsvæði og koma þá stundum hingað í stórum hópum. Hafa jafnvel vetursetu og hverfa aftur á heimaslóðir á vorin.



Daníel Bergmann

◀ Rjúpa

Lengd: 35 cm

Rjúpan er auðþekkt á veturna enda hvítfiðruð. Að vetrarlagi sækja rjúpur sums staðar til byggða og að bæjum. Í Hrísrey hafa þær verið vandar við fódurgjafir og fara jafnvel upp á fódurbretti til að ná sér í hveitikorn.



Daníel Bergmann

Fuglafóðrun

Fljótlegasta og áhrifaríkasta aðferðin til að laða fugla að garðinum er að setja út æti fyrir þá á veturna. Á þeim árstíma er náttúruleg fæða af skornum skammti og sumir fuglar reiða sig á það æti sem borið er út. Nokkrar fuglategundir sækja í fóður á veturna en samsetning tegunda í garðinum er lítillega breytileg eftir landshlutum. Smáfuglafánan hér á landi er fábreytt sé hún borin saman við nágrannalöndin en búast má við allt að 10 fuglategundum í garðinn að vetrarlagi.



Daníel Bergmann



Jóhann Óli Hilmarsson

Að ofan: Þar sem starar hafa á annað borð fest rætur eru þeir fljótir að læra að nýta sér fódurgjafir. Þeir eru nánast alætur og éta jafnvel fræ sem eru ætluð finkum þó svo þau gagnist þeim lítið. Starar eru félagslyndir og fara um í hópum sem geta orðið stórir og yfirgnæfandi.

Til vinstri: Gráprestir frá N-Evrópu fara um í hópum á haustin og eru árvissir gestir hér á landi. Á veturna getur gráþröstur orðið mjög heimaríkur finni hann góðan fódurstað. Drjúgur tími hans fer þá í að reka aðra fugla frá ætinu.



Örn Óskurson

Til hægri: Smáfuglar sem þrúka hér veturna eru harðgerðir og hafa lært að bjarga sér. Þessi snjótittlingur er að mylja maískorn á fódurstað.

Fóðurbretti sem eru í 1,5 m hæð frá jörðu veita fuglum nokkuð öryggi gagnvart köttum. Brettið ætti að staðsetja á tiltölulega opnu svæði en þó ekki langt frá trjám eða runnum svo fuglarnir geti forðað sér í felur ef hætta steðjar að. Með því að hafa brettið vel sjáanlegt má koma auga á fugla sem eru felugjarnir að eðlisfari þegar þeir setjast að fæðuborðinu. Hangandi fuglafóðrarar fylltir með fræi laða að auðnutittlinga og barrfinkur en þeir fuglar éta einnig fræ sem sett eru á fóðurbretti og aðra hentuga staði. Best er að aðskilja finkufóður frá öðru æti. Epli má setja upp í tré, annaðhvort á endann á brotinni trjágrein, eða á nagla sem negldur er í grein. Silkitoppur, hettusöngvarar



Jóhann Óli Hilmarsson

og skógarprestir fá þar að vera með eplin í friði fyrir aðgangshörðum störum. Epli ætti einnig að skera í tvennt og setja á jörðu. Í gæludýraverslunum og stórmörkuðum er hægt að fá tilbúna fódurblöndur með smágerðu fræi fyrir búrfugla sem henta vel til að gefa litlum finkum á við auðnutittlinga, snjótittlinga og sjaldséðari gesti af finku-ætt. Einnig er selt sérstakt fuglafóður fyrir snjótittlinga frá innlendum framleiðanda.

Til vinstri: Sums staðar þar sem fuglar eru fódraðir ár eftir ár verða þeir svo gæfir að þeir þiggja æti úr lófa líkt og þessir auðnutittlingar. Skógarprestir sem sækja árviss í sömu garða taka á endanum rúsinur úr lófa.

Kornax við Sundahöfn selur hveitifræ í 40 kg sekkjum sem henta vel fyrir snjótittlinga.

Ekki eru allir fuglar jafn hrifnir af fóðurbrettum og kjósa að nærast á jörðinni. Svartprestir vilja helst vera í skjóli gróðurs, þeir eru felugjarnir að eðlisfari og hið sama á reyndar oftast við um aðra presti. Fyrir þá má setja æti á milli runna, eða nálægt trjágroðri, þó staðsett þannig að þeir hafi þaðan greiða flóttaleið.

Fuglafæða

Fuglafóðrun er einföld – allur matur nýtist einhverjum tegundum. Snjótittlingar koma í hveitikorn, kurlaðan maís og næla sér í brauðmola. Auðnutittlingar koma lítið í æti meðan nóg er að hafa af birkifræi og öðru náttúrulegu æti. Hins vegar sækja þeir í fóður þegar harðnar í ári. Skógarprestir og starar éta bæði ávexti og kornmeti og hrafninn – hann er alæta.

Vættu brauð og haframjöl í matarolíu þegar kalt er. Olían er góð í frosti og gefur fuglunum aukna orku. Þurra brauðskorpu má einnig væta með vatni. Öll fita er vinsæl hjá fuglum á köldum vetrardögum. Meira að

segja snjótittlingar laumast í kjötsag en það er eitt besta fuglafóður sem völ er á. Þú munt fljótlega komast að því hvað fuglunum líkar og líkar ekki. Hér til hægri er listi með nokkrum hugmyndum en þó engan veginn tæmandi.

Fuglamatseðill

Prestir og starar:

Haframjöl

Epli

Perur

Melónur og melónufræ

Vínber og önnur ber

Rúsínur

Brauðmolar

Kökur og kex

Kjötsag

Fituafskurður

Smjör og smjörlíki

Matarafgangar

Finkur og tittlingar:

Hveitikorn

Kurlaður maís

Hirsi

Sólblómafræ

Fræblöndur fyrir gára

Finkufræ

Sesamfræ

Þegar tekur að kólna og frysta á haustin eru flestir farfuglar farnir sem á annað borð ætla sér til annarra vetrarstöðva. Það þarf þó ekki að bíða svo lengi með að hefja fóðrun í garðinum. Fuglar eru vanafastir og hafi þeir uppgötvað garð þar sem fóðrað er munu þeir heimsækja hann reglulega svo framarlega sem þar er framboð af æti. Mikilvægt er að gefa reglulega því þegar veður eru válynd munu fuglarnir sem heimsækja garðinn þinn hafa eytt dýrmættri orku í heimsóknina ef ekkert er þar að hafa. Fuglar brenna fljótt orkuforða sínum til

að halda á sér hita og þurfa því að endurnýja birgðirnar reglulega.

Fyrir rökkur og við birtingu er mikilvægast að fuglar nærast. Fyrir nóttina þurfa þeir næringu til að halda nauðsynlegri lífsstarfsemi gangandi því þá er lítið um fæðuöflun. Að morgni þurfa þeir svo fljótt að finna æti til að bæta upp þá orku sem fór í að halda hita um langa og kalda vetrarnótt. Leitastu við að garðfuglarnir þínir hafi nóg að bíta og brenna á þessum tímum dags. Ef því verður ekki komið við settu þá allavega út ríflegt fóður strax að morgni.

Þegar einu sinni er byrjað að setja út fóður ætti að halda því áfram til vors. Þeir fuglar sem hafa lært að reiða sig á fóður í garðinum þínum gætu átt erfitt með að finna annað æti ef skyndilega er hætt að gefa þeim. Vorhret eru líka tíð, sérstaklega á norðanverðu landinu og þá leita fastagestirnir aftur til sinna velgjörðarmanna eftir æti og nýkomnir farfuglar eiga meiri möguleika á að komast yfir hretið.

Að neðan: Hettusöngvarar eru smáir en harðir í horn að taka. Þeir halda jafnvel mun stærri fuglum frá æti, líkt og skógarpröstum. Stundum fær sá stóri þó nokk af frekjunni og lætur í sér heyra.



Til vinstri: Auðnutittlingar taka hér sólblómafræ úr fóðrara á Selfossi. Þar sem byrjað er að gefa slík fræ úr fóðrara eru finkur jafnan fljótur að komast upp á lagið.

Að neðan: Silkitoppur eru sérhæfðar í fæðuvali á veturna og vilja aðeins ferska ávexti, líkt og epli, perur og ber. Þær eru fljótur að brenna fæðunni og éta því allt að þrefalda þyngd sína daglega.



Vatn

Fuglar þarfnast vatns, ekki síst á veturna. Vatn er þeim lífsnauðsynlegt til að drekka og baða sig í. Regluleg böð eru fuglum nauðsynleg til að halda fjöðrunum hreinum því hreinar fjaðrir gefa betri einangrun og vörn gegn kulda. Fræætur þurfa að drekka mikið vatn þar sem fræin eru þurr.

Grunn skál hentar sem fuglabað og vatnið ætti ekki að vera dýpra en 5 cm. Í frosti þarf að skipta reglulega um vatn, slá ísinn úr skálinni og bæta í hana volgu vatni. Sírennsli er einnig möguleg lausn og grunn tjörn eða brunnur laða að fugla.

Tjörn gefur fuglum þann reglulega aðgang að vatni sem þeir þurfa. Stærð tjarnarinnar skiptir ekki meginmáli en því stærri sem hún er því meiri fjölbreytni verður í lífríki hennar. Best er að tjarnarbakkarnir séu aflíðandi svo tjörnin grynnsk eftir því sem nær dregur bakka.



Daniel Bergmann

Að ofan: Vatn er fuglum mikilvægt, bæði til að drekka og baða sig í. Sírennsli laðar að fugla þar sem það veitir þeim ótakmarkaðan aðgang að fersku vatni. Slíkir staðir verða vinsælir, líkt og þessi steipta skál með sírennsli ofan við Kirkjugarðinn í Fossvogi. Allt um kring eru bekkir sem gefa vegfarendum tækifæri á að tylla sér niður og fylgjast með heimsóknnum fugla að baðstaðnum.

Að neðan: Garðtjörn með sírennsli á Selfossi. Í botninum eru steinar sem auðvelda fuglum aðgang að vatninu.



Örn Óskarsson

Hreinlæti

Líkt og þar sem gnótt er af náttúrulegri fæðu getur mikill fuglafjöldi safnast saman þar sem fóðrað er á veturna. Við slíkar aðstæður er mögulegt að sjúkdómar komi upp og smitist fugla á milli. Með því að huga að almennu hreinlæti á fóðurstað má minnka eða koma í veg fyrir sýkingar og smit. Ekki hefur verið fylgst með heilbrigði garðfugla hér á landi á veturna og sjúkdómar meðal þeirra því óþekktir. Erlendis eru sýkingar af völdum salmonellu algengastar og verða sýktir fuglar orkulausir og veiklulegir ásyndar.

Hafðu eftirfarandi í huga hvað varðar hreinlæti:

Gættu þess að fóðurbretti séu hrein. Best er að burstu af þeim fugladrit daglega.

Ef þú fóðrar fugla á jörðinni skaltu ekki setja fóðrið á sama stað alla daga.

Settu fóður á nokkra staði í garðinum til að dreifa úr fugla-skanum svo hann safnist ekki allur á einn stað.

Þrífðu fóðurbretti og fuglafóðrara reglulega með hreinsiefnum og skolaðu vel með vatni á eftir. Gættu þess að brettið sé þurr þegar þú setur aftur á það fóður.

Hafðu vatn í fuglabaði ferskt og hreinsaðu baðið reglulega.



Örn Óskarsson

Að ofan: Þar sem fjöldi fugla safnast reglulega á fóðurstað aukast líkurnar á sjúkdómum. Með einföldum hreinlætisaðgerðum má hins vegar koma í veg fyrir sýkingar á milli fugla.

Sumarfuglar

Þegar sumar gengur í garð verður samsetning garðfugla ólík og á veturna. Fuglar halda þá ekki hópinn heldur eru í þörum og uppteknir af varpi. Eindregnir farfuglar líkt og mariuerla og þúfu-tittlingur eru algengir í og við mannabústaði. Þessir fuglar sjást eitthvað fram á haust en

hverfa þá til suðrænni slóða. Skógarprestir sjást í sumum görðum árið um kring en ekki er víst að um sömu fugla sé að ræða sem verpa í garðinum að sumarlagi og koma þar í æti að vetrarlagi.

Að neðan: Þúfutittlingar sjást stundum í húsagörðum fram á haust en sækja ekki í fóðurgjafir.



Daniel Bergmann

Garðrækt fyrir fugla

Lykilinn að garði sem er bæði fagur útlits og góður fyrir fugla er fjölbreytni. Þar ætti helst að finna flest eða allt af eftirtöldu: opna grasflöt, þétta runna, blómabeð, limerði, tjörn, safnhaug og ólíkar trjátegundir. Í fjölbreytninni finna mismunandi skordýr og fuglar sér verustað og æti.

Af innlendum trjátegundum gefa birki og reynir af sér fæðu fyrir fugla. Auðnutittlingar sækja í birkið og skógarprestir í reyninn. Innflutt barrtré veita einnig fæðu og skjól. Í sitkagreni eru ýmiss konar skordýr og í grenikönglum leynist fæða fyrir hinn sérhæfða krossnef en hann nær til fræsins í könglunum með gogginum og tungunni. Grenið er líka lífæð glókolls; af nálunum týnir hann sitkalýs, köngulær og skordýralirfur.

Víðitegundir, reynir, birki og fleiri trjátegundir eru vinsælar hjá alls kyns skordýrum sem fuglar lifa á. Ýmsar fuglategundir sem nærast mest á fræum og ávöxtum á veturna veiða skordýr á sumrin meðan varp stendur yfir. Fræætur meðal fugla éta margs konar fræ af trjám og blómum. Innlendu frææturnar eru auðnutittlingar og snjótittlingar en dúfur og rjúpur taka einnig ýmis fræ sem og brum birkis og víðis.

Bergflétta, vaftoppur og aðrar klifurjurtir skapa hreiðurstaði, gott skjól og hentuga náttstaði. Þeim ætti að planta þar sem þær geta vaxið upp trjástofna eða húsveggi á móti suðri. Á haustin ætti að láta fallið lauf liggja undir trjám og runnum og í blómabeðum. Þrestir róta í laufinu og finna þar orma og snigla. Músarrindlar týna einnig skordýr undan laufum. Þá skýlir lafið blómum í vetrardvala og gerir moldina frjórri.



Krossnefur (karlfugl). Goggur hans er sérhæfur til að ná fræi úr grenikönglum.

Jóhann Öli Hilmarsson

Plöntulisti

Þær plöntur sem gefa af sér fæðu, skjól og varpstaði fyrir fugla (listinn er ekki tæmandi)

Trjátegundir:

- Birki
- Reyniviður (Ilmreynir)
- Úlfareynir
- Alpareynir
- Gráreynir
- Silfurreynir
- Loðvíðir
- Gulvíðir
- Viðja
- Sitkagreni
- Rauðgreni
- Lerki

Runnar:

- Hlíðaramall
- Vaftoppur
- Dúntoppur
- Skógartoppur
- Gulltoppur
- Skrautmispill
- Grámispill
- Skriðmispill
- Yllir
- Rífsber
- Sólber
- Hjónarós
- Meyjarós
- Ígulrós
- Hafþyrnir
- Stikilsber
- Bersarunni



Daniel Bergmann

Stari í róсарunna. Nýpunar eru m.a. étar af silkitoppum.



Daniel Bergmann

Músarrindill. Þeir éta ekki fuglafóður en sækja þó í garða að vetrarlagi.



Jóhann Öli Hilmarsson

Skógarpröstur í reynitré. Berin eru mikilvæg fæða þrasta á haustin.



Silfurreynir

Silfurreynir er gott fuglatré yfir vetrartímann því berin þroskast seint og hanga lengi.

Nokkur góð fuglatré og runnar



Yllir

Yllir með sína rauðu, þétta berjaklasa. Prestir hreinsa yllirunnana um leið og berin þroskast.



Skriðmisfill

Skriðmisfill er jarðlægur runni. Berin eru hentug haustfæða fyrir presti.



Birki í haustlitum með reklum

Birki er íslenskt tré að uppruna og er fræð í reklunum uppáhaldsfæða auðnutittlinga.



Dúntoppur

Dúntoppur er runni af ætt geitblöðunga (*Lonicera*). Berin eru smá og henta vel fyrir hettusöngvara á haustin.



Úlfareynir

Úlfareynir er fulltrúi reyniættkvíslarinnar (*Sorbus*). Reyniber af öllum gerðum eru langvinsælustu fuglaberin.

Fuglahús

Pú getur hvatt fugla til að verpa í garðinum með því að veita þeim hreiðurstæði. Ein leið til þess er að festa varpkassa á vegg, há grindverk eða tré. Mismunandi kassar henta ólíkum tegundum. Hafðu kassann þar sem kettir ná ekki til hans.

Rík hefð er fyrir því í nágrennlöndunum að hengja upp varpkassa fyrir fugla eins og meisur, flekkugríp og uglur. Hérlandis verpa fáar tegundir í kassa. Það er helst stari en einnig skógarþröstur, maríuerla og stöku sinnum músarrindill. Starakassi þarf að vera lokaður með 5 cm hreiðuropi ofarlega á einni hliðinni. Starinn var upprunalega skógarfugl sem varp í holum trjám. Hann tók síðan manngerða skóga (hús og húbýli) fram yfir hina náttúrulegu.

Skógarþröstur og maríuerla vilja fremur opna kassa. Prestir og jafnvel auðnutittlingar verpa stundum í körfur sem settar eru upp í tré. Nauðsynlegt er að hreinsa gömul hreiður úr hreiðurkössum eftir varp. Það minnkar hættuna á óværu til muna.

Stari að bera hreiðurefni í varpkassa utan á húsvegg (efri mynd). Með því að hafa varpkassann frá húsinu (neðri mynd) má koma í veg fyrir að flær berist inn í mannabústað.



Jóhann Óli Hilmarsson



Jóhann Óli Hilmarsson

Varp


Bestu hreiðurtré í gördum eru grenitré. Varpfuglar velja þau framfar öðrum þar sem þau veita vörn gegn köttum, sérstaklega snemma vors þegar laftré eru enn án laufs. Þegar líður á sumarið færa fuglar sig meira yfir í laftré. Ágætt er að fjarlægja gömul þrastahreiður úr trjám, fuglarnir byggja sér ný hreiður fyrir hvert varp. Reyndar gerist það þó stundum að maríuerlur verpa í gömul þrastahreiður í grenitrjám.

Ungar

Flestir íslenskir skógarþrestir verpa á jörðu niðri úti í náttúrunni, í birkikjarri og skógum. Þar hoppa ungarnir af stað um leið og þeir eru orðnir sámilega fiðraðir, löngu áður en þeir verða fleygir. Þessu er öðruvísi farið með t.d. stara og auðnutittlinga. Ungar þeirra yfirgefa ekki hreiður fyrr en þeir eru orðnir fleygir.

Ef þú finnur unga í garðinum sem virðist yfirgefinn skaltu láta hann vera. Oftast eru foreldrarnir ekki langt undan, sennilega að leita ætis og munu vitja ungans þegar þú hverfur á braut. Þú skalt aðeins hafa afskipti af ungum ef þú ert fullviss um að foreldrar hafi yfirgefið þá.

Til hægri: Skógarþrastarungi. Meðan ungar eru ófleygir en komnir á flakk eru margar hættur til staðar.



Jóhann Óli Hilmarsson

Að ofan: Stari að fjarlægja dritsekk úr hreiðri. Hreiður í rétt staðsettum varpkassa er óhultara fyrir ágangi katta en mörg náttúruleg hreiðurstæði.



Jóhann Óli Hilmarsson

Setjið bjöllu á ketti

Ekkert er eins hættulegt fyrir garðfugla og lausaganga heimiliskatta á varptíma. Ketti ætti að hafa inni við sólarupprás og sólsetur en þá stunda þeir helst fuglaveiðar. Köttur sem situr um garð að vetrarlagi getur gert það að verkum, með nærveru sinni einni, að fuglar komast ekki í æti. Auk þess er ljóst að kettir drepa þúsundir fugla á hverju ári. Ólíklegt er að fuglaveiðar katta hafi veigamikil áhrif á stofna íslenskra spörfugla en þær hafa staðbundin áhrif. Auðvelt er að minnka fugladrápið með því að setja bjöllu á ketti. Rannsóknir RSPB á Bretlandseyjum hafa sýnt fram á að kettir með bjöllu veiddu um 40% færri fugla en bjöllumlausir.

Garðfuglakönnun Fuglaverndar

Jóhann Óli Hilmarsson



Veturinn 1994-95 stóð Fuglavernd fyrst fyrir garðfuglakönnun og hefur hún verið áhrifssamleg viðburður síðan. Athuginin er ekki tímabær og einföld í framkvæmd. Þátttakendur telja fuglana í garðinum sínum yfir veturinn, að minnsta kosti hluta úr degi vikulega og skrá niður á þar til gert eyðublað sem hægt er að nálgast á vef Fuglaverndar. Markmiðin eru að kanna hvaða fuglar sækja í garða og hversu margir, skoða breytingar í samsetningu tegunda og breytileika milli landshluta og ára. Fjallað hefur verið um könnunina í tímaritinu **Fuglar** og verður niðurstöðum hennar áfram gerð þar skil.

Það hefur komið á óvart hversu margar fuglategundir hafa verið skráðar hjá athugendum, eða samtals 70 tegundir. Tuttugu tegundir hafa sést öll árin. Skógarþrestir sjást í öllum

gördum sem fylgst er með. Annar algengur fugl er snjó-tittlingur en allnokkur munur er milli ára hversu víða hann sést og hversu margir. Þetta má vafalaust tengja árferði en í snjóþungum vetrum sækja snjó-tittlingar meira í garða en þegar jörð er auð. Vakið hefur athygli að hrafnar sjást í vaxandi mæli í gördum. Þeir heimsækja nú orðið nær alla athugendur en við upphaf könnunarinnar sáu þeir hjá um helmingi þátttakenda.



Daniel Bergmann

Ýmsir sjaldgæfir flækings-fuglar hafa sést frá því að athuganir hófust; förufálki, eyrugla og mánaþröstur eru líklega þeirra sjaldséðastir. Aðrir flækings sem hafa glatt athugendur með nærveru sinni eru turnfálki, tyrkjadúfa, gaukur og dóm-pápi. Óvenjulegt er að tildrur heimsæki garða en þær eiga það til í Heimaey og ýmsir aðrir sjaldséðir gestir hafa komið fram í könnuninni, svo sem keldusvín.

Spörfuglategundum sem verpa á Íslandi hefur fjölgað á undanförunum árum. Glókolur og svartþöstur eru nú reglulegir varpfuglar. Líklegt er að evrópskar finkur eigi eftir að setjast hér að í kjölfar vaxandi skóga. Það eru því spennandi tímar framundan og rétt að hvetja alla fuglaá hugamenn að taka þátt í Garðfuglakönnun Fuglaverndar.

Hópur snjó-tittlinga á kornakri á Skeiðum (að ofan) og tyrkjadúfa í Hafnafirði (að neðan).

Handan garðsins – Fuglavernd í verki


Náttúruleg búsvæði fugla eru stöðugt skert vegna framkvæmda mannsins. Fuglavernd hefur stigið skref til að sporna við þeirri þróun með því að koma á fót og reka fuglafriðland í Flóa. Í friðlandinu hefur votlendi verið endurheimt og í kjölfarið hefur fjöldi votlendisfugla snúið aftur sem þurftu frá að hverfa þegar svæðið var framræst í þágu landbúnaðar.

Fuglavernd berst gegn framkvæmdum sem hafa skaðleg áhrif á lífríkið, styður rannsóknir á fuglum og búsvæðum þeirra, og hvetur til jákvæðra breytinga á lögum og reglugerðum er varða náttúruna. Með náttúruvernd er lagður grundvöllur að heilbrigðu vistkerfi sem tilvist mann-kyns byggir á. Fræðsla um fugla er einnig stór þáttur í starfi félagsins.

Fuglavernd er aðili að *BirdLife International* sem starfar að fuglavernd á alþjóðlegum grundvelli. Fuglavernd byggir afkomu sína á félagsgjöldun og framlagi félaga. Sem félagi í Fuglavernd færð þú áskrift að tímaritinu **Fuglar** en því er aðeins dreift til félagsmanna.

Skráðu ykkur í Fuglavernd
www.fuglavernd.is

Spói á vörðu (efri mynd) og lómur að kvöldlagi á tjörn í friðlandi í Flóa (neðri mynd).



Daniel Bergmann



Daniel Bergmann



www.fuglavernd.is